

## 12. gr.

Ákvarðanir samkvæmt 9.—11. gr. skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaði. Ákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunar-sjóð fiskiðnaðarins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1971.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón L. Arnalds.*

Nr. 124.

9. júlí 1971.

**REGLUGERÐ****um Fiskræktarsjóð.**

## 1. gr.

Fiskræktarsjóður er stofnaður samkvæmt XIV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsvéiði.

## 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styðja fiskrækt og fiskeldi í landinu.

## 3. gr.

Með stjórn Fiskræktarsjóðs fara Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri, en ákvarðanir um styrki og lán úr sjóðnum eru háð samþykki landbúnaðarráðherra.

## 4. gr.

Lán og styrki skal veita til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

## 5. gr.

Styrk, er nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af áætluðum kostnaði, njóta:

- a. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er miða að því að auka fiskför um vatn.
  - b. Klakhús og eldisstöðvar.
- Styrkveitingar skulu miðast við varanleg mannvirki.

## 6. gr.

Umsóknir um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði skal senda stjórn sjóðsins fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Greiðslur úr sjóðnum fara fram í maímánuði og desembermánuði eftir því, sem fé verður fyrir hendi.

## 7. gr.

Styrkir skulu greiddir út á mannvirki, þegar þau hafa verið tekin út. Þó skal heimilt að greiða allt að helming af áætluðum styrk út á mannvirki í byggingu, þegar sérstaklega stendur á, enda sé þá lokið minnst  $\frac{2}{3}$  af verkinu, hvað kostnað snertir.

## 8. gr.

Ekkert lán má vera hærra en, sem nemur einum fimmta hluta þess fjár, sem sjóðurinn getur haft til umráða á árinu, og eigi má lána meira til eins verks en, sem nemur helmingi af áætluðu kostnaðarverði.

Rekstrarlán er óheimilt að veita úr Fiskræktarsjóði.

## 9. gr.

Lán til fasteigna skulu vera til allt að 15 ára með sömu ársvöxtum og Stofn-lánadeild landbúnaðarins lánar til útihúsa í sveitum.

Lán skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin og greiðast svo með jöfnum afborgunum á 13 árum. Lán til fasteigna skulu tryggð með veði í fasteign þannig, að lánið, auk áhvilandi lána, nemi eigi meiru en þrem fjórðu hlutum matsverðs veðsins.

Heimilt er að hefja útborgun á láni, áður en framkvæmd er lokið, enda sé þá lokið helmingi verksins, hvað áætlaðan kostnað snertir.

## 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við lánveitingar og vörzlu Fiskræktarsjóðs, skal taka 1% þóknun af hverju láni við veitingu þess og auk þess ½% á ári.

## 11. gr.

Lán eru ekki framseljanleg, nema leyfi stjórnar Fiskræktarsjóðs komi til.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskræktarsjóði komnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef Fiskræktarsjóði hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að veðið er ekki lengur tryggt að dómi sjóðsstjórnarinnar.
4. Ef lögð er niður sú starfsemi, sem lánið var veitt til.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 9. júlí 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Holtavegur verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann viki fyrir umferð um Suðurlandsbraut, Langholtsveg og Elliðavog.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 1. júlí 1971.*

**Sigurjón Sigurðsson.**